

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2018

2020/EES/6/15

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1011 frá 24. apríl 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 um forefni ávana- og fíkniefna og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 um reglur um vöktun viðskipta með forefni ávana- og fíkniefna milli Sambandsins og þriðju landa og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1277/2005 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 185, 14.7.2015, bls. 31 og Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 75.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1013 frá 25. júní 2015 um reglur að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 um forefni ávana- og fíkniefna og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 um reglur um vöktun viðskipta með forefni ávana- og fíkniefna milli Sambandsins og þriðju landa ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1011 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1277/2005 ⁽³⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi texta er bætt við á eftir lið 15x (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004):

„15xa. **32015 R 1011:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1011 frá 24. apríl 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 um forefni ávana- og fíkniefna og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 um reglur um vöktun viðskipta með forefni ávana- og fíkniefna milli Sambandsins og þriðju landa og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1277/2005 (Stjtið. ESB L 162, 27.6.2015, sbr. 12), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 185, 14.7.2015, bls. 31, og Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 75.

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerðin gildir aðeins um EFTA-ríkin innan EES að því er varðar reglugerð (EB) nr. 273/2004.

15xb. **32015 R 1013:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1013 frá 25. júní 2015 um reglur að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 um forefni ávana- og fíkniefna og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 um reglur um vöktun viðskipta með forefni ávana- og fíkniefna milli Sambandsins og þriðju landa (Stjtið. ESB L 162, 27.6.2015, bls. 33).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 162, 27.6.2015, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 162, 27.6.2015, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 202, 3.8.2005, bls. 7.

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerðin gildir aðeins um EFTA-ríkin innan EES að því er varðar reglugerð (EB) nr. 273/2004.“

2. Texti liðar 15ze (reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 1277/2005) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (EB) nr. 2015/1011, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 185, 14.7.2015, bls. 31, og Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 75, og framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2015/1013, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.